




Himinbjargar Saga

Heiddís Buzgó

Himinbjargar saga

Heiðdís Buzgò

Útgefandi:

Akyreyri 2022

Endurritun: Heiðdís Buzgò

Myndahöfundur: Heiðdís Buzgò

Umbrot: Heiðdís Buzgò

Prentun:

ISBN -

Endur fyrir löngu voru konungur og drottning í ríki sínu. Þau áttu einn son sem hét Sigurður. Hann var afskaplega góður og duglegur strákur og hvers manns hugljúfi. Elskuðu konungshjónin son sinn meira en nokkuð annað. Sigurður óx úr grasi í höll foreldra sinna og aldrei dvínaði ást þeirra á honum.





Þá gerðist það eitt sinn að drottingin tók sótt sem að lokum leiddi hana til bana. Allt konungsríkið grét en mest grétu þó konungurinn og Sigurður sonur þeirra. Þeir syrgðu svo sáran að þeir gátu hvorki glaðst né skemmt sér.

Vitrir menn vitjuðu þeirra í tilraun til að hugga þá og með ráðum og fortölum tókst þeim um síðir að sefa grát konungsins sem þá tók gleði sína á ný og skemmti sér við söng og leiki. En Sigurður kóngsson var ósefandi og hélt uppteknum hætti um harma sína. Hann lá einmana löngum stundum úti um nætur á leiði móður sinnar og enginn gat fengið hann þaðan.

Einn daginn hélt konungur út á velli utan borgarinnar til leikja með hirð sinni. Veðrið var gott og heiður himinn. Þá sáu menn að upp dróst skýjaflóki skammt frá. Skýjaflókin leið til þeirra nokkuð hratt og undarlega og steig svo út úr honum væn og vel búin kona öllum til mikillar furðu.



Konan gekk til konungsins og heilsaði honum kurteislega. Konungur heilsaði henni á móti og spurði hana til nafns sem hún sagði vera Himinbjörg. Hún spurði þá hvort hún mætti ekki slást í för með konunginum.

Margir úr hirðinni mæltu því í mót að hún kæmi með og sögðust sjá eitthvað gruggugt við konuna sem hafði stigið út úr skýinu til þeirra. Þrátt fyrir aðvaranir hirðmanna sinna leist honum svo vel á Himinbjörgu að hún fór með þeim.

Himinjörg fylgdi konunginum og þá kom á daginn hversu almennileg og góð hún var við alla sem hún hitti. Þegar leið á varð konungurinn að lokum ástfanginn af henni og bað hana að giftast sér og verða drottning sín. Þetta þótti öllum í ríki hans góðar fréttir og senn leið að brúðkaupi.

Haldið var glæsilegt brúðkaup og stóð veislan vel og lengi. Þá náði konungur að láta af öllum harmi eftir fyrri drottningu sína og varð öll hirðin ánægð við það.

En Sigurður kóngsson var ekki sama sinnis. Hann gat enn ekki hætt að hugsa um fráfall móður sinnar og fór enn sem áður margar nætur út á leiði hennar til að syrgja. Konungurinn og hans menn höfðu miklar áhyggjur af Sigurði og sorg hans en þeim tókst aldrei að tala hann til né hugga.



Eina nóttina lá Sigurður úti á leiði móður sinnar en þegar líða tók á nóttina sofnaði hann þar. Þá dreymdi hann að móðir hans kom til sín öskuill.



“Hér liggur þú, Sigurður, eins og kjáni.” skamm-
aðist hún. “Þú hefur komið þér í óefni með þessu og
fólk heldur að þú sért orðinn undarlegur þar sem þú
liggur hér hverja nótt í óþökk með víli og harmi og
ónáðar mig. Nú skaltu fá nokkuð að launum fyrir
ónæðið. Ég legg það á þig að þú munir enga ró eftir
þinn dag hafa nema að þú getir komið einni konungs-
dóttur úr álögum, en hún er í dag í líki ægilegs trölls.”

Við þessi orð vaknaði Sigurður og leit upp og fannst honum þá eins og enn móti fyrir móður hans við leiðið. Hann varð svo hræddur og sár að hann hljóp inn í höllina og beint í rúmið og hágrét. Margir fóru að vitja hans en Sigurður gat með engu móti hætt að gráta.



Faðir hans biður þá Himinbjörgu að líta til með syni sínum og vita hvort hún gæti ekki með nokkru móti hjálpað til. Hún fór þá og talaði við Sigurð og með blíðu sinni og kænsku tókst henni að fá upp úr Sigurði hvað hafði komið fyrir og sagði hann henni þá frá því þegar gamla drottningin vitjaði hans á leiði sínu og lagði á hann skelfileg álög.


Himinbjörgu þótti þetta stórtíðindi. “Það sannast hér með það sem sagt er,” sagði hún, “að fátt er rammara en forneskjan. Við getum ekkert unnið á þessum vanda en ég á góða fósturu sem gæti hjálpað. Ef hún getur ekki hjálpað þér þá getur það enginn.”

Hún sótti nokkra muni og rétti honum og sagði: “Þú mátt alls engum segja en ég vil senda þig til hennar. Taktu þennan hníf og þetta belti og gefðu henni þetta tvennt til sönnunar um ráð mín ef þú vilt vera öruggur um að hún hjálpi þér.

Og hafðu þennan hnykil og láttu hann rúlla á undan þér því þá vísar hann þér í rétta átt, en haltu fast í garnendann og ekki missa takið af honum.

Taktu líka þennan nestispoka. Hann er fullur af nesti en hvað sem þú borðar úr honum mun hann ekki tæmast.

Gættu þess mjög að koma vel fram við allt og alla sem gætu orðið á vegi þínum. Það mun verða þér endurlaunað margfallt.



Mig grunar þó að þegar þú ferð muni hirðin og jafn vel faðir þinn, konungurinn sjálfur, muni snúast gegn mér. Allir munu halda að ég hafi orsakað hvarf þitt og kannski verð ég jafn vel dæmd til dauða ef þér tekst ekki að rjúfa álögin.”

“Ég vil alls ekki bregðast þér elsku stjúpa mín.” svaraði Sigurður þá og þakkaði henni fyrir aðstoðina. Þau kvöddust innilega og óskuðu hvoru öðru velfarnaðar áður en Sigurður kóngsson tók saman pinkla sína og lét sig hverfa boðalaust.



Sigurður ferðaðist vítt og breitt yfir fjöll og gegn um eyðiskóga. Sama hversu lengi hann gekk varð hann aldrei örmagna því nestispoki Himinbjargar stóð fyrir sínu. Eins valt hnykillinn áfram og sigurður hélt fast í garnendann og eltti.





Einn dag kom Sigurður að sjávarströndu og hann fylgdi hnyklinum eftir henni þar til hann kom að stórum hömrum við sjóinn. Þar sá Sigurður marga hrafna sem hann taldi og voru þeir fimmtíu talsins. Þeir flugust allir á og réðust hver á annan, og reittu og tættu vængi og stél.

Sigurði þótti þetta allt mjög undarlegt og fylgist ögn með því sem gerðist. Hann tók eftir því að hrafnarnir slógust um sillurnar í bjarginu sem þeir vildu allir sitja á. Þá mundi hann eftir ráðum stjúpu

sinnar sem hafði beðið hann um að vera góður öllum og öllu því sem hann mætti á ferðum sínum.

Þá tók Sigurður sig til og hjó fleiri sillur í bergið uns allir hrafnarnir höfðu fengið gott sæti að hægja sér í og síðan gaf hann öllum hröfnunum mat úr poka sínum þar til þeir urðu allir sáttir og kátir. Þegar Sigurður hélt aftur af stað kölluðu hrafnarnir á eftir honum: “Kallaðu til okkar ef þig vantar nokkurn tímann hjálp.”

Hann þáði það og þakkaði vel fyrir sig.

Sigurður hafði ekki gengið lengi þegar hann kom að öðru háu bjargi þar sem fimmtíu mávar flugust á yfir sillunum í bjarginu. Þar gerði hann eins og áður, hjó út fleiri sillur fyrir fuglana og gaf þeim af nesti sínu.

“Kallaðu til okkar ef þig vantar nokkurn tímann hjálp.” kölluðu mávarnir á eftir honum.

Hann þáði það og þakkaði pennt og vel fyrir sig.

Þegar Sigurður kom loks að þriðju björgunum voru þar fimmtíu dúfur og fór allt á sömu leið.

“Kallaðu til okkar ef þig vantar nokkurn tímann hjálp.” kölluðu dúfurnar á eftir honum.

Hann þáði það og þakkaði pennt og vel fyrir sig.

Segir ekki meira af ferðum Sigurðar fyrr en hann kom að litlu koti. Útihurðin var aðeins í hálfu gátt og þar loksins stansaði hnykillinn. Þá skildi hann að þetta var bærinn sem honum hafði verið vísað til þar sem fóstur Himinbjargar bjó. Hann barði að dyrum og í gættina kom gömul kona.

Sigurður spurði hana að nafni og hún sagðist heita Blákápa. Hann bað hana þá um gistingu en hún tók ekki vel í þá beiðni. “Það er ekkert pláss fyrir þig í litla húsinu mínu og ég var ekki að búast við neinum gestagangi.” muldraði hún. “Enda veit ég ekkert hvaða drengur þú ert.”

“Himinbjörg sendi mig.” útskýrði hann þá.

“Ég vona að hún hafi það sem allra best.” Það lifnaði ögn yfir gömlu konunni. “Hvernig þekkir þú til hennar?”

“Ég hef hitt hana og hún sendi mig hingað í leit að liðveislu hjá þér.” Sigurður rétti þá fram hnífinn og beltið frá Himinbjörgu. Blákápa lét þá af allri sinni þrjósku.

“Sannarlega kemur þetta frá henni Himinbjörgu minni. Það skiptir hana greinilega miklu máli að ég liðsinni þér. Þá vil ég fyrst endilega bjóða þér að gista hér.”

Blákápa bauð Sigurð velkominn og gaf honum vel að borða og bjó um hann. Þá spurði gamla konan kóngsson um hagi sína og hann sagði henni allt af létta og útskýrði hvers vegna hann væri til hennar kominn. Blákápa þagði um stund heldur áhyggjufull á svip.

“Mikil eru vandræði þín, Sigurður,” sagði hún þá, “hvernig sem á það er litið. Ég skil vel að þér hafi verið vísað hingað.

Fyrir nokkru, ekki svo fjarri héðan, var stórt og völdugt ríki sem var stýrt af góðum konungi. Hann átti eina dóttur með drottningu sinni sem hét Ingigerður kóngsdóttir og hún hélt ávallt til í gullskemmu þar ásamt átján þjónustumeyjum sem allar


voru dætur tigna manna.

Svo bar til að drottningin andaðist. Skömmu eftir andlát hennar kom til ríkisins gullfalleg kona sem í raun faldi bak við fegurð sína hið versta tröll. Enginn vissi hvaðan hún kom en tóku henni vel. Konunginum þótti hún svo glæsileg að hann tók hana sér til drottningar og var Ingigerði kóngsdóttur því mjög í mót.

Ingigerður gaf sig lítt að stjúpu sinni og fyrir það lagði stjúpan á hana mikinn fjandskap. Ingigerður forðaðist að mæta stjúpu sinni og hélt sig í skemmu sinni hvenær sem hún mátti.



Þá gerðist það eitt sinn að nýja drottningin kemur að skemmu Ingigerðar og ber að dyrum. Þegar Ingigerður sjálf kemur til dyra leggur drottningin á að kóngsdóttir og allar hennar þernur yrðu sjálfar að ægilegum tröllskessum, dræpu konunginn og eyddu öllu hans ríki. Eftir það sneri hún á brott og hefur enginn spurt til hennar síðan.



En svo römm voru álögin á kóngsdóttur og skemmu-meyjar hennar að þau rættust öll eftir. Eru þær allar hin versu tröll í dag en kóngsdóttirin þó það hræðilegasta. Hún hefur drepð föður sinn og frændur ogeyðinlagt allt hans ríki, svo að þar er engum manni vært, og þar hefur hún aðsetur sitt með meyjunum átján.

Mig grunar að Ingigerður sé kóngsdóttirin sem þér hefur verið vísað á en hún er stórhættuleg og enginn hefur snúið aftur sem hana hafa heimsótt. Þú þarft að vera mikill gæfumaður svo þú getir komið áætlanum þínum í kring.”

Sigurði hryllti við sögunni og var við það að gefast upp en þá hóf Blákápa aftur upp raust sína: “En skelfileg álög hafa verið lögð á þig sjálfan sem úr þarf að bæta og því vil ég ekki letja þig til þessarar ferðar. Ég skal hjálpa þér á allan hátt sem ég má úr því líka að Himinbjörg biður svo fyrir því.”

“En hvað geri ég þá nú?” spurði hann.

“Ég vil að þú farir strax í dag til híbýla skessunnar. Þú skalt ákveðið ganga inn og setjast í ysta sæti. Þegar hún kemur inn skaltu svara djarflega máli hennar því ekki gagnast þér að skræfast við þær.”



Sigurður kvað svo vera skyldu. Eftir það fór hann að tilvísan Blákápu og kom loks til hallar skessunnar. Þar gekk hann beint inn því dyrnar voru opnar upp á gátt. Hann fór þar inn og settist í ysta sæti í hallar-salnum og beið átekta.

Litlu síðar heyrir hann úti miklar og ógurlegar drunur og honum fannst sem höllin öll hristist. Þá gekk þar inn flagðkona, hræðilega stór og ófrýnileg og henni fylgdu átján aðrar flagðkonur og hver annarri illilegri. Sigurður hafði aldrei séð jafn ámátleg kvikindi áður en sú ljótasta var sú sem gekk fyrir hópnum.

“Hver ert þú og hvert ferð þú?” spurði stærsta og ógurlegasta skessan. Sigurður herrti upp hugann og sagðist það varla vita. Hann sagðist hafa rambað inn í þessa fínu höll og þarna þætti honum gott að vera og þar vildi hann dvelja.

“Hvað kanntu að vinna?” spyr þá skessan.

“Það er harla fátt.”

“Nokkuð munt þú þó þurfa að vinna ef þú vilt hafa grið hér með oss.”



Hún gekk þá að hásætinu í salnum. Þar tók hún ofan eitt tafl og sýndi Sigurði það. Þetta var gulltafl og hinn besti gripur. “Það skalldu vinna þér til griða að sækja mér annað tafl jafngott þessu á allan hátt.”

“Það gæti orðið flókið.” svaraði Sigurður. “Hvert á ég að sækja þetta tafl?”

“Þú skalt sjálfur fyrir því sjá, karlinn.” hló tröllid. “En hafðu það hugfast að ef þú færir mér ekki taflid fyrir hina þriðju sól mun höfuð þið liggja að veði.”

“Þetta er allt klárt og skilið.”

“Eins gott fyrir þig. Annars missir þú höfuðið.”



Sigurður kóngsson hélt eftir þetta aftur heim til Blákápu og sagði henni frá ferðum sínum og frá verkefninu sem tröllin höfðu lagt fyrir hann.

Þá sagði Blákápa: “Það er ekki greitt að ganga að þessu verki. Ég veit hvergi um nokkuð svona tafl nema hjá dvergum tveimur en þeir hafa á því miklar mætur og geyma það vandlega. Við munum ekki ná taflinu af þeim fyrr en þeim verður ráðinn bani.” Hún hugsaði sig um dágóða stund. “Við skulum leggja í hann, Sigurður.”

Þau gengu niður að sjónum þar sem Blákápa átti til lítinn bát. Þau settust saman í bátinn og reru af stað frá landi uns þau komu að háum klett sem stóð upp úr sjónum, þar sem dvergarnir bjuggu.

Þau reru nær klettinum og með klækjum og brelli-brögðum tókst Blákápu að lokka út dvergana þar sem Sigurður náði til þeirra og drap þá báða.

Síðan stökk Blákápa inn í klettinn, fann taflíð og kom með það aftur út til Sigurðar. Þrátt fyrir allt sem þau höfðu unnið varð hann glaður að fá taflíð í hendurnar.




Hann fór með gulltaflíð hulið aftur með sér heim í höll skessunnar og settist aftur í ysta sæti eins og áður. Hann þurfti ekki að bíða hennar lengi þar inni og þegar ókindin ferlega kom litaðist hún um og varð heldur stóreyg.

“Nú ertu hér kominn, karlinn, og muntu færa mér taflíð.”

“Ég á enga von á því.” svaraði Sigurður kokhraustur. “Ekki þar sem þú sagðir mér ekki hvar ég ætti þess nokkuð að leita.”

Skessan ygldi sig og kallaði á allar stallsystur sínar og bað þær að slátra honum í spað. Þær hlupu þá allar inn að sækja söxin sín en á meðan dró Sigurður upp taflíð og rétti skessunni. Henni brá heldur í brún þegar hún sá gripinn.

Brátt komu hinar aftur inn með offorsi og hver þeirra hafði stórt sax í hendi. Skessa æddi þá á móti þeim, pústraði þær og rak þær út harðlega með verstu fúkyrdum.





Eftir það leit hún svekt aftur til Sigurðar. “Nú þykist þú hafa leyst þetta verk en það er ekki nóg karlinn. Þú verður að vinna þér meira inn til griða.”

Hún leiddi þá Sigurð í stóran kastala þar skammt frá. Í kastalanum var að finna háan glerhimin sem reistur var á fjórum stólpum úr klárasta gulli og allt var þetta uppbyggt af miklum hagleik.

“Hér máttu nú sjá glerhimin þennan með fjórum gullstólpum en mér finnst vanta þann fimmta til. Nú skaltu vinna þér það til griða að finna mér fimmta stólpann og koma honum hér undir. Hann skal vera í sniðum og búinn að öllu eins og hinir fjórir og þú skalt reisa hann hér upp

því annars verður það þinn bráður bani og ljúktu nú þessu verki fyrir hina þriðju sól.”

Sigurður spurði þá hvar hann gæti fundið slíkan stólpa en hún sagði honum sjálfum fyrir því að sjá og við það hélt hann aftur af stað.

Hann fór þá til Blákápu og sagði henni tíðindin. “Ekki fækka enn vandræði þín, góði, og er þessi þraut hinni mikið torveldari.”

En Blákápa vissi hvar stólpa sem þennan var að finna. Það var í konungshöll einni órafjærri og var langt að fara þangað. Þau hröðuðu sér þá af stað og komu loks nærri höllinni að kvöldi.

Áður en þau komu til mannabyggða gaf Blákápa Sigurði huliðshjálmstein og hélt sjálf öðrum slíkum. Síðan gengu þau í borgina og leyndust í ýmsum kimum fram á nótt og enginn varð þeirra var.



Pegar allir voru sofnaðir fóru þau að leita stólpans. Blákápa vísaði veginn áfram en Sigurður eltti og hvar sem þau komu að læstum dyrum tók gamla konan upp sprota sinn undan kápu sinni og laust á þær og luktust þær þá upp.

Um síðir komu þau þangað sem stólpinn var. Blákápa bað þá Sigurð að reyna að kippa honum undan þakinu. Hann reyndi og reyndi en stólpinn bifaðist ekki. Þá tók hún upp magnaða glófa úr pyngju sinni og fór í þá, svipti síðan stólpanum sjálf undan og lagði á herðar sér. Sigurður hafði ekki þrek til að bera á bakinu stóra gullstólpann.

Eftir þetta bras sneru þau aftur heileiðis og varð aldrei neinn var við þau allan leiðangurinn. Síðan fór Blákápa með Sigurði og kom með brögðum stólpanum fyrir eins og skessan hafði skipað fyrir en flýtti sér svo heim eftir það. Sigurður settist aftur í ysta sætið í höllinni og beið skessunnar.



Pegar skessan kom aftur heim spurði hún sigurð hvort verkið væri unnið, hann neitaði því og hún sendi hinar flennurnar að sækja söxin en við það hvaðst Sigurður hafa unnið verkið að fullu og steig hún þá upp á milli hans og hinna tröllanna með gauragangi og látum.



Skessan og Sigurður gengu út að kastalanum þar sem hún undrandi sá verk hans feiknar vel af hendi unnið. “Undarlega miklu getur þú komið í kring, karlinn,” þusaði hún, “þótt þú sért þessi písl og vissulega ert þú ekki einn í leiknum. Ég hef sent marga menn í þetta verkefni og engum hefur tekist það.



Himinbjargar Saga

